

Kennsluáætlun 2024-2025

6. bekkur

Námsgrein: Þýska

Kennari: Cornelia Spandau

Tímafjöldi á viku: 2 klst.

Markmið

Að nemandi:

- Geti skilið, talað og skrifað eingöngu þýsku í samskiptum í kennslustundum.
- Geti aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Geti lesið sér til gagns og gamans bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglunga og rætt efni þeirra.
- Geti lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.
- Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum, og netmiðlun sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi og sagt frá eða unnið úr á annan hátt.
- Geti tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.
- Geti flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.
- Geti skrifað samfelldan texta um efni sem hann þekkir, beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt, sýnt fram á góð tók á daglegum orðaforða og orðaforða sem unnið hefur verið með, skapað samhengi í textanum og notað til þess algengustu tengiorð og greinarmerki.
- Geti skrifað og samið texta af mismunandi gerðum.
- Geti aukið og unnið markvisst með orðaforða í tengslum við námsefni.
- Geti nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit og leitarforrit.

Kennsluáðferðir/vinnulag:

- Innlögn/ bein kennsla
- Einstaklings-, para- og hópavinna með skapandi viðfangsefni (stigbreyttar kröfur í samvinnuverkefnum þar sem 4.-9. bekkur er kennt saman)
- Umræður og spurningar
- Leiðsagnarnám og lausnaleytnám
- Spil og leikir tengt námsefninu

Námsmat:

- Leiðsagnarmat
- Könnun mánaðarlega (um orðaforða og/eða málfræði)
- Virkni/ vinnubrögð/ áhugi og hegðun í tímum
- Símat
- Jafningjamat

Námsgögn:

- Efni frá kennara og ýmsum vefsíðum
- Munnlega og skriflegar æfingar
- Vinnubók: Das Übungsheft Lesen 5
- Bækur, sögur, ljóð á þýsku (t.d. "Die Schule der magischen Tiere")

- Námsspil